



Íshús Hafnarfjarðar
Strandgata 90
220, Hafnarfjörður
(+354) 663 0666

Hafnarfjörður, 12. október 2015

Efni: Aðgengi að svæðinu við smábátahöfnina og gamla Íshúsinu.

Kæri viðtakandi

Starfsemi fyrirtækisins Íshús Hafnarfjarðar hefur dafnað vel á þessu fyrsta starfsári. Reksturinn hefur hingað til fallið í sér útleigu á rýmum undir vinnustofur og verkstæði og nú eru 38 einstaklingar, Hafnfirðingar og utanbæjarfólk, með aðstöðu í húsinu og eftirspurnin er mikil.

Á næstu mánuðunum færum við út kvíarnar og opnum verslunar- og viðburðarými í um 300fm plássi á jarðhæð sem vísar niður að smábátahöfn. Þar kemur til með að vera kaffihús, handverksbakarí, hönnunarverslun og fleira.

Í Fornubúðum var fyrir okkar tíð blómleg list- og atvinnustarfsemi og í Drafnarhúsinu á sér nú stað mikil uppbygging. Svæðið hér í nágrenni smábátahafnarinnar er því að styrkjast mikið öllum til hagsbóta og við teljum sóknarfærin mörg. Einnig teljum við góða tengingu við miðbæinn afar mikilvæga og að öll sýn á uppbyggingu sé heildræn.

Erindi okkar lýtur að aðgengi að svæðinu og brýnni þörf á úrbótum, ekki síst af öryggisástæðum. Umferðin um Strandgötuna hér fyrir fram húsið okkar er þung og hraðinn jafnan mikill. Við viljum leggja til að gangbraut verði lögð yfir Strandgötuna til móts við afleggjarann niður að smábátahöfn við austurgafli hússins. Sá afleggjari er malarvegur og er mikið notaður en í afar bágbornu ástandi.

Skilgreint aðgengi gangandi vegfarenda að Flensborgarhöfn er ekki til staðar. Afar brýnt er að strandstígurinn nái alla leið hingað og þá ekki síst til að tengja saman atvinnu- og menningarstarfsemina hér við höfnina og miðbæjarkjarnann á hinum enda Strandgötunnar. Með því mætti víkka út hugmyndir bæjarbúa og gesta um miðbæ Hafnarfjarðar.

Með fyrirfram þökkum.

Virðingarfyllst
Anna María Karlsdóttir
anna@ishushafnarfjardar.is